

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Áshamars, Ásland 1, 3 og 5, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Áshamars, Áslandi 1, 3 og 5, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 7. júní 2000.

Breytingin felst í því að lóðarmörkum milli lóða er breytt.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi með birtingu auglýsingar þessarar.

Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði.

Mosfellsbæ, 3. júlí 2000.

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 28. mars 2000 voru eftirtaldir tillögur að breyttu deiliskipulagi samþykktar:

Dimmuhvarf 11.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að bílageymsla og aðkoma að núverandi húsi breytist og verði á móts við lóðir nr. 27/29 (við sömu götu) svo og að byggt verði annað einbýlishús á lóðinni ásamt bílageymslu. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að heimilt verði að byggja hesthús fyrir 4-6 hesta á lóðinni í samræmi við samþykktu skilmála svæðisins.

Hlynsalir, Lómasalir, Jötunsalir og Kórsalir.

Í breytingunni felst að fyrirhuguð fjölbýlishús við Hlynsali og Lómasali eru hækkuð um eina hæð, þ.e. úr þremur í fjórar. Við Kórsali og Jötunsali gerir tillagan ráð fyrir að fjölbýlishúsin hækki um tvær hæðir þ.e. úr þremur hæðum í fimm auk þess að heimilaðar verði tvær íbúðir í rishæð. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir fjölgun íbúða í fyrirhuguðum fjölbýlishúsum við ofangreindar götur og að a.m.k. helmingur bílastæða á hverri lóð verði í neðanjarðarbílageymslu. Lóðamörk og gönguleiðir breytast lítilllega.

Nýbýlavegur 36. Eilífsreitir.

Í breytingunni felst að dregið er úr byggingarmagni á lóð, fyrirhuguð bygging er lækkuð um eina hæð þannig að hún verður ein hæð séð frá Hjallabrekku. Þá gerir tillagan ráð fyrir að fyrirhuguð bygging verði samsíða Hjallabrekku en fallið er fá byggingu þriggja hæða húss niður í lóðina, í átt að Nýbýlavegi eins og fyrirhugað var.

Ofangreindar breytingar voru auglýstar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 4. apríl til 12. maí 2000. Frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum rann út 26. maí 2000. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Tillögurnar hafa verið yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 2. júlí 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.